

Málþing stúdenta um #LÍNfrumvarpið

RITARAR ÁGRIPS: Íris Björk Snorradóttir og David Erik Mollberg.

FUNDASTJÓRAR: Benóný Harðarsons og Ragna Sigurðardóttir.

ÞÁTTTAKENDUR Í PALLBORÐI: Katrín Jakobsdóttir - Formaður Vinstri grænna, Jóhannes Stefánsson - Aðstoðarmaður mennta- og menningamálaráðherra, Jóhann Gunnar Þórarinnsson - Formaður Sambands íslenskra námsmanna erlendis, Ásta Guðrún Helgadóttir - Þingmaður Pírata. Eydís Blöndal - Oddviti Röskvu, Rebekka Rún Jóhannesdóttir - Formaður Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík, Bjarni Már Gylfason - Samtök atvinnulífsins/ Samtök iðnaðarins.

Málþings um frumvarp um breytingar á Lánasjóði íslenskra stúdenta. Frumvarpið hefur verið afar umdeilt og líflæg umræða hefur skapast um hlutverk og tilveru sjóðsins. Í pallborðinu voru fulltrúar hagsmunasamtaka stúdenta, þingmenn og aðrir hagsmunaaðilar sem höfðu skilað inn umsögn.

Þátttakendur í pallborði voru sammála um að hlutverk lánasjóðsins væri að tryggja jafnan rétt til náms, bæta menntun í landinu og tryggja jafnt aðgengi til náms.

Allir voru sammála um að gagnsætt styrktarkerfi væri framþróun og jákvætt skref. Stúdentar hafa kallað eftir því í fjölda ára. Ekkert kerfi er þó fullkomið og er núverandi tillaga þannig að styrkurinn er ekki háður félagslegum aðstæðum. Einstaklingar sem þurfa á hærri framfærslu að halda líkt og foreldrar, námsmenn á almennum húsnæðismarkaði eða námsmenn utan af landi.

Boðið verður upp á beinan styrk ásamt láni. Jákvætt að hafa hluta af láninu styrk. Það á að fjárfesta í menntun, þekking sem námsmenn afla sér skilar sér til baka til samfélagsins. Núverandi kerfi hvetur til skuldsetningar, það er neikvæður hvati en beint styrkarkerfi hefur reynst öðrum þjóðum vel. Beinn styrkur hefur í för með sér að námsmenn vinna minna með náminu og skila sér fyrr inn á vinnumarkaðinn. Varhugavert er þó að þeir sem taka há lán niðurgreiði styrkinn í formi vaxta.

Katrín Jakobsdóttir um samanburð á núverandi frumvarpi og því sem hún lagði fram sem menntamálaráðherra. Munurinn er í endurgreiðslunum. Eiga yfirvöld að stjórna því hvað nám einstaklingar velja. Þetta frumvarp vekur upp áhyggjur að listnemunum. Svo má ekki gleyma kynjasjónamiðinu, því miður eru karlar enn með hærri laun en konur og því gætu afborganir reynst þyngri fyrir konur.

Hámarkslánstaka kemur til með að hafa áhrif á minna en 1% nemenda og sá hópur verður að leita sé námsaðstoð í öðru formi. Jákvætt telst að hámarkslánsfjárhæð sé vísitölutengd. Það er þó gagnrýnt að stúdentum er fá ekki frjálst val við að ráðastafa upphæðinni til skólagjalda.

Mælendur voru flestir sammála um það að ekki nægjanleg greining fylgdi frumvarpinu. Það í för með sér mikla óvissu um afleiðingar frumvarpisins. Ekkert liggi fyrir um félagslegan bakgrunn þeirra sem þurfa á námslánum að halda, enginn kynjagreining hefur verið gerð en áætla má að með afnámi tekjutengingarinnar bitni meira á konum vegna þess að en sé til staðar launamunur á kynjunum.

Rætt var um að lita verði til byggðarsjónarmiða. Það má ekki vera íþyngjandi fyrir fólk utan af landi að sækja sér menntun. Styrkurinn ætti að vera tengdur við félagslegar aðstæður. Styrkurinn hefur í för með sér að heildarafborganir verður lægri.